



Skipulagsstofnun  
Laugavegur 166  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. ágúst 2008  
Tilvísun: 2008060018  
Bréfalykill: 22.2

**Efni: Umsögn um Kröfluvirkjun II. Allt að 150 MW jarðhitavirkjun við Kröflu í Skútustaðahreppi. Tillaga að matsáætlun**

Með erindi, dags. 24. júlí 2008, óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn Orkustofnunar um ofangreint málefni, skv. 2. mgr. 8 gr. laga nr. 106/2000, með síðari breytingum, og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005, um mat á umhverfisáhrifum.

Með erindi Skipulagsstofnunar fylgdi skýrslan *Kröfluvirkjun II, Allt að 150 MW jarðhitavirkjun í Skútustaðahreppi. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Landsvirkjun, LV-2008/070.*

Í samræmi við lögboðið hlutverk Orkustofnunar mun umsögn Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun fyrst og fremst varða áhrif á jarðhita- og ferskvatnsauðlindir og hugsanleg áhrif á nýtingu annarra á þessum auðlindum.

Orkustofnun er í aðalatriðum sátt við boðuð efnistöð, en gerir athugasemd við valkost við förgun skilju-, þétti- og kælivatns, einu nafni nefnt affalsvatn. Í tillögu að matsáætlun er lögð áhersla á að koma affalsvatni fyrir þannig að ekki hljóti af mengun á yfirborði. Sú umfjöllun ber það með sér (kafli 3.8) að ekki þykir einsýnt að dæla því niður þannig að affallið komi jarðhitakerfinu til góða. Orkustofnun hefur skilning á því að kanna þurfi betur með hvaða hætti sé staðið að meðferð affalsvatns, en mikilvægt er að niðurstaðan leiði til eins góðrar nýtni þeirrar frumorku sem tekin er upp úr svæðinu og kostur er. Af því leiðir að mati Orkustofnunar að nýting afgangsvarma í lágþrýstiprep verði að telja meðal mögulegra lausna á þessu viðfangsefni, ekki síst í tengslum við grunnförgun.

Stofnunin leggur áherslu á að rekja megi forsendur þeirra niðurstaðna sem ályktanir eru dregnar af, þannig að varðandi grunnvatn (grunnvatnslíkan) megi rekja á hvaða mælingum líkanið byggir. Samkvæmt reynslu er ætlast til að Orkustofnun hafi skoðun á því hvort sú stærð virkjunar sem framkvæmdaaðili leggur til grundvallar fái staðist miðað við þá þekkingu á auðlindinni sem fyrir liggur. Allt að 30 ára reynsla er af upptöku úr jarðhitakerfinu og að öðru leyti er fyrir hendi mikil þekking á því. Af því leiðir að mati Orkustofnunar að til þess verður ætlast af framkvæmdaaðila, að áætlanir um stærð virkjunar verði byggðar á traustum grunni. Þessu tengt eru væntingar til þess hvaða árangri væntanlegar viðbótarholur þurfa að skila til að standa undir þeim rekstri sem stefnt er að; í allt að 100 ár. Samkvæmt þeirri tillögu að matsáætlun sem fyrir liggur má vænta þess að ítarlega verði fjallað um líkleg viðbrögð jarðhitakerfisins við áformaðri vinnsluaukningu á

grundvelli vinnslusögu og mælinga, sbr. kafla 5.5.3 og 8.

Virðingarfyllst

  
Lárus M. K. Ólafsson

  
Jónas Ketilsson